Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MENNTASTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR
TIL 2030

Leikskólinn Austurborg

2026 – 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra 3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026 5
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027 6
4. Starfsþróunarsamtöl 10
5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans 10
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva 10
7. Foreldrasamstarf 11
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal 11
9. Þróunarverkefni 12
10. Fylgiskjöl: 13
10.1 **Innra mat deildar/deilda 2025-2026** 13
10.2 Umbótaáætlun deilda/deildar 2026-2027 14
10.2 Umsögn foreldraráðs 21

1. Greinargerð leikskólastjóra

Þetta árið voru nokkrir sigrar. Stöðugleiki í starfsmannamálum var meiri og einnig fækkaði skammtímaveikindum til muna. Þó lentum við í því einstaka sinnum að þurfa að loka vegna manneklu, en hittust á pestir sem olli því að það vantaði marga á sama tíma.
Haustfundur með foreldrum til að kynna starfið var með öðru sniði en vanalega. Fórum við þá leið að slá saman aðalfundi foreldrafélagsins, kynningu á leikskólanum og kynningu á deildarstarfi. Það skilaði sér í góðri mætingu á fund foreldrafélagsins og var lítið mál að fá fólk til að skrá sig í foreldraráð og foreldrafélagið.
Í vetur voru fimm stöðugildi í sérkennslu. Fjölgun hefur verið í sérkennsluteyminu yfir veturinn og vegna aukinna tíma í sérkennslu er gert ráð fyrir að teymið verði enn stærra næsta vetur. Sérkennslan hefur gengið vel og hefur sérkennsluteymið unnið markvisst og faglega að því að styðja við börnin í góðu samstarfi við deildirnar. Markmið næsta vetrar er að efla enn frekar fagþekkingu teymisins, meðal annars með því að sækja námskeið í TEACCH og kynna sér þær aðferðir, með það að leiðarljósi að styrkja skipulag, sjónrænan stuðning og einstaklingsmiðaða nálgun í daglegu starfi.
Mikið var um námskeið á starfsdögum. Við fengum fræðslu um regnbogavottun frá Uglu, sem var mjög fróðlegt, fræðslu um náttúrulega kennslu, Aðalheiður hjá Ég er Unik kom og fræddi okkur um þarfir barna á einhverfurófinu og svo fórum við í námsferð á Hvolsvöll þar sem við skoðuðum frábæra aðstöðu í leikskólanum Aldan ásamt því að fá mjög gagnlega fræðslu um þarfir barna og hvernig við eigum að mæta þeim.
Einnig erum við að reyna aftur að sækja um styrk hjá Erasmus með Kristínu Einars hjá Leikur að Læra en við fengum synjun á seinasta ári.
Starfsmannafélag skólans er virkt, sem er mikilvægt fyrir starfsandann. Félagið sér um að halda reglulega viðburði í skólanum eins og t.d. bíómyndakvöld, Pub Quiz (barsvar), jólagleði, pílukvöld og haldnar eru grillveislur. Einnig eru hópar að hittast reglulega til að spila og fleira. Það er dýrmætt og mikilvægt að hafa virkt starfsmannafélag með skemmtinefnd sem er öflug að setja inn alls kyns viðburði sem eru í boði fyrir alla að taka þátt í. Það styrkir hópinn mikið og eflir hann félagslega.
Okkur finnst það skila sér svo áfram í daglegu starfi, samskiptum á milli starfsfólks og ekki síst í kringum börnin. Þau skynja vináttu og virðingu starfsfélaga og er það þeim góð fyrirmynd.

Starfsmannaviðtöl eru nánast búin en þau hafa gengið vel og mikil gleði í hópnum enda gekk veturinn að mestu mjög vel.

Einnig voru niðurstöður úr könnuninni Stofnun ársins mjög jákvæðar og á uppleið en þó sjáum við enn sóknarfæri á ýmsum sviðum ennþá.

Ísleifur Örn Garðarsson
Aðstoðarleikskólastjóri

Ég undirrituð tók við stöðu leikskólastjóra í Austurborg 1. maí og kom því ekki að endurmati að þessu sinni. Ég kom þó að umbótaáætlun leikskólans 2026 – 2027.
Ég starfaði í Austurborg frá 1999 til 2018 og er mjög glöð að vera komin til baka og hlakka mikið til.
Þar sem Austurborg gefur sig út fyrir að starfa í anda Reggio Emilia hefur verið ákveðið að fara í samstarf með nokkrum öðrum leikskólum sem vinna eftir þeirri hugmyndafræði. Ég tók þátt í þessu samstarfi á liðnu skólaári í Leikskólanum Vinagerði. Leikskólastjórar hinna fjögurra skólanna hafa allar starfað um lengri eða skemmri tíma í Austurborg og þekkjumst við því vel sem auðveldar samstarfið.
Á fyrsta starfsárinu var lögð áhersla á að skoða umhverfi leikskólans út frá sjónarhorni barnsins. Í anda Reggio Emilia er litið á umhverfið sem „þriðja kennarann“, þar sem skipulag rýmis, efniviður og fagurfræði hafa áhrif á nám, samskipti og sköpun barna. Aðaláherslur næsta skólaárs verða því að skoða þessa þætti auk efniviðs sem boðið er upp á í starfinu. Sérstök áhersla verður lögð á læsi og nýta það sem áður hefur verið unnið með eins og Leikur að læra, Lubba og Blæ. Ný og uppfærð námsskrá verður einnig gerð á komandi skólaári og er það spennandi verkefni.
Ég hef verið í samstarfi við kennaraháskóla í Þýskalandi í nokkur ár og tekið á móti nemum þaðan auk þess sem starfsfólk hefur fengið boð um að heimsækja skólann. Við ætlum að halda þessu samstarfi áfram og koma tveir nemar hingað í Austurborg í haust.
Ég hlakka mikið til að kynnast börnum, foreldrum og starfsfólki Austurborgar.

Harpa Ingvadóttir
Leikskólastjóri

2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat

Hvað var metið?	
Hvernig fór matið fram?	Með samræðum á skipulagsdegi og deildarfundum. Deildirnar fóru yfir starf síðasta skólaárs og kemur matið fram í umbótaáætlun fyrir hverja deild. Aðallega var skoðað hvernig hefur gengið með Leikur að læra, Lubba og Blæ.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn á deildum tóku þátt í matinu undir stjórn deildarstjóra.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Margt hefur gengið vel en þarf að bæta nokkra hluti og festa betur í sessi. Sjá umbótaáætlanir fyrir hverja deild fyrir sig.

Ytra mat

Hvað var metið?	
Hvernig fór matið fram?	Með viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar. Í ár framkvæmdi Gallup könnunina og vann úr henni.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn tóku þátt í könnuninni.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Þessar niðurstöður nýtast til að bæta mannauðsmál í leikskólanum. Könnunin kom vel út og er leikskólinn yfir meðalskori á flestum sviðum. Starfsfólki líður vel og er stolt af Austurborg. Starfsfólk ber traust til yfirmanna sinna og finnst það fá hvatningu í starfi. Starfsandinn er góður og samskiptin opin og hispurslaus. Lægstu einkunnirnar sneru að launakjörum og starfsaðstæðum. Starfsaðstæður hafa batnað mikið milli ára og verður haldið áfram með að bæta enn betur.

3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Þeir þættir sem eru metnir yfir **allan leikskólann í heild sinni.** Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.

Umbætur skulu taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Námsskrá
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Ný námsskrá verði gefin út næsta vetur sem unnið verður eftir.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Gera námskrá með áherslum leikskólans þar sem að koma börn, kennarar og foreldrar.
Ábyrgð	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Gera námsskrá sem gagnast í starfinu og skýrir hugmyndafræði sem leikskólinn starfar eftir og aðferðirnar sem við nýtum til þess. Matið fer fram á starfsmannafundum, stjórnendafundum, könnun til foreldra og viðtölum við börn.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Betra starf og auðveldara fyrir alla að tileinka sér áherslur leikskólans og um leið upplýsandi fyrir foreldra.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Umhverfi, efniviður og hlutverk kennara. Auka áhuga starfsfólks og faglegan skilning á Reggio hugmyndafræðinni með sérstaka áherslu á umhverfið, efnivið og hlutverk kennara. Fá fólk til að finna að það áorki einhverju og að þeirra nærvera í lífi barnanna skipti máli. Fara þarf vel yfir leikefni og efnivið.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að starfsánægja eflist enn frekar og að fólk mæti glatt og faglega þenkjandi í vinnuna og finni til mikilvægis í starfi. Að efla faglega hugsun starfsfólks er því einnig efling á leikskólabrag til heildarinnar litið.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Taka þátt í samstarfi nokkurra annarra leikskóla sem starfa í anda Reggio Emilia. Hvetja til endurmenntunar starfsfólks og miðla þekkingu frá fagfólki í húsi með virðingu og hvatningu að leiðarljósi meðal annars með fyrirlestrum á starfsdögum. Torgið er hér mikilvægur miðill sem býður upp á góða þjálfun og endurmenntun. Kynnast nýju starfsfólki, halda utan um það með góðri nýliðaþjálfun þar sem nýliðar fá mentor. Áhersla á að leyfa styrkleikum og áhugamálum starfsfólks að lita starfið.
Ábyrgð	Stjórnendur og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á deildarstjórafundum og deildarfundum. Einnig farið yfir málin á starfsmannafundum þar sem deildir segja frá því sem hefur gengið vel og umræður um faglega starfið eru í forgrunni. Fagfundir verða innleiddir í stjórnendahóp til að halda utan um faglegar umræður innanhúss. Einnig haldið utan um þá endurmenntun sem starfsfólk fær yfir árið ef hún er sótt utan húss.

Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Faglegt starf blómstrar og verður sýnilegt í skráningum og námi barnanna en einnig í starfsánægju á heildina litið. Einnig tekið samtal við nýtt starfsfólk reglulega og farið yfir hvernig gengur og hvort spurningar hafi vaknað.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Læsi
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að börn verði læs á umhverfi sitt og geti nýtt sér. Að vera með hvetjandi námsumhverfi inn á deild. Bjóða upp á fjölbreyttan efnivið.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vinna eftir læsisstefnu Norðurmiðstöðvar þar sem unnið verður á fjölbreyttan hátt með læsi í sköpun og lýðræði, menningarlæsi og félagsfærni, skimanir og snemmtæka íhlutun, lestur rím og sögur og stafrænt læsi. Til þess nýtum við okkur fjölbreytt efni. Lubbi finnur málbein, Leikur að læra, Barnasáttmálann, Tákn með tali, stærðfræði, umhverfislæsi, sögugrunn. Málörvunarforrit á spjaldtölvur eins og t.d. Orðagull, Lærum og leikum með hljóðin og fleira. K-Pals.
Ábyrgð	Allir starfsmenn og stjórnendateymið
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026 – lýkur ekki
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Stöðumat á deildar-og starfsmannafundum. HLJÓM-2 fyrir elsta árganginn.

(t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin verði öruggari í að lesa í umhverfi sitt. Að elstu börn fái góðar niðurstöður í HLÓM-2 og séu tilbúnari að hefja grunnskólagöngu.

4. Starfsþróunarsamtöl

Fóru fram í apríl og maí mánuði.

Samtöl við starfandi leikskólastjóra á skrifstofu hans. Fóru almennt vel fram.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Við komum til með að fá fræðslu á skipulagsdögum um Reggio Emilia til að styrkja okkur í þeirri vinnu. Eins verður lögð áhersla á að hvetja fólk til að fara á námskeið og þá helst í Leikur að læra, Lubba og Blæ. Námskráin verður gerð í samvinnu starfsfólks, foreldra og barna. Samskiptasáttmáli verður gerður á skipulagsdegi að hausti. Ákveðið hefur verið að hafa sameiginlegan skipulagsdag með samstarfsskólunum í kringum Dag leikskólans og varð 5. febrúar fyrir valinu þar sem boðið verður upp á fræðslu fyrir starfsfólk til að styrkja fagvitund þeirra á hugmyndafræði Reggio Emilia og spegla sig í því lærdómssamfélagi sem við teljum okkur vera að búa til í kringum þetta samstarf.

Leikskólinn hefur fengið samþykktan Erasmus styrk fyrir næsta skólaár sem stendur undir ferð á námskeið í Evrópu fyrir 2 kennara og/eða stjórnendur eða Námsheimsókn fyrir 3 kennara og/eða stjórnendur. Ekki hefur verið ákveðið enn hvert verður farið.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð

Líkt og sjá má á töflunni hér fyrir neðan er samstarfið milli Austurborgar og Hvassaleitisskóla viðamikið og flott. Mikið er um heimsóknir milli skólanna og samstarfið mikið. Það á eftir að staðfesta hver vinabekkurinn verður en einnig munu krakkarnir í Hvassaleitisskóla heimsækja okkur eitthvað.

Hvenær:	kl:	Hver:	Hvað er gert
11. september		½ hópur	K-Pals, Fá kennslustofu lánaða (1)
18. september		½ hópur	K-Pals, Fá kennslustofu lánaða (1)
25. september		Allir	**Kynning Hvassaleitisskóli, göngutúr í skóla**

2. október		½ hópur	K-Pals Fá kennslustofu lánaða
10. október		½ hópur	K-Pals Fá kennslustofu lánaða
17. október		allir	Heimsókn í **Krakkakot** (fyrir hádegi)
24. október		½ hópur	K-Pals Fá kennslustofu lánaða
27 - 31. október		½ hópur	K-Pals Fá kennslustofu lánaða
október		½ hópur	Heimsókn í textílmennt
		½ hópur	Heimsókn í textílmennt
12. nóvember		½ hópur	K-Pals, fá kennslustofu lánaða
17. nóvember	Kl. 9:30	allir	Í tilefni af degi íslenskrar tungu **3. bekkur** heimsækir leikskólann og les fyrir nemendur - ávaxtanesti í leikskólanum - skipta upp í þrjá hópa
21. nóvember		½ hópur	K-Pals, Fá kennslustofu lánaða (6)
27. nóvember	Kl. 9:15	allir	**Skólahópur heimsækir 1. bekk** - skipta skólahópnum í þrjá hópa
28. nóvember		½ hópur	K-Pals, Fá kennslustofu lánaða (6)
8. desember	Kl. 10:00	Allir	Bjóða **1. bekk** á jólatónleika Kattholts (í Grensáskirkju)

7. Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf hefur gengið vel. Samskipti við foreldrafélagið eru alltaf opin og mikil samskipti á milli.

Einstaklingar buðu sig fram í bæði foreldrafélag og foreldraráð á aðalfundi sem haldin var um haustið.

Foreldraviðtöl fóru þannig fram að deildir voru með fyrir fram ákveðnar vikur einu sinni á haust önn og einu sinni á vorönn og voru með viðtöl við foreldra. Á næsta ári er gert ráð fyrir að börn verði tekin einu sinni yfir árið og verður það tengt við afmælismánuð barnanna. Þó verður alltaf gripið til funda, bæði ef foreldrar óska eftir því og líka ef við teljum þörf á því.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaársins 2026-2027 eru eftirfarandi

21. ágúst	sameiginlegur
27. október	
28. janúar	sameiginlegur
5. febrúar	samstarfsleikskólar
27. apríl	sameiginlegur
28. maí	

9. Þróunarverkefni

Reggio Emilia samstarf 5 leikskóla

Ákveðið hefur verið að Austurborg gangi inn í samstarf sem byrjaði haustið 2025. Skólarnir voru 4 sem hófu samstarfið en einn af þeim skólum lokar í haust. Á vorönn var ákveðið að bæta tveimur nýjum skólum við og eru nú 5 skólar í samstarfinu. Áhersla fyrsta starfsársins var aðallega að skoða umhverfi leikskólans út frá sjónarhorni barnsins. Í anda Reggio Emilia er litið á umhverfið sem „þriðja kennarann“, þar sem skipulag rýmis, efniviður og fagurfræði hafa áhrif á nám, samskipti og sköpun barna. Starfsfólk leikskólanna heimsækir hvert annað reglulega til að skoða námsumhverfi, ræða uppsetningu rýma og deila hugmyndum um hvernig megi skapa aðstæður sem styðja við forvitni, sjálfstæði og þátttöku barna í eigin námi. Slíkar heimsóknir hafa reynst mikilvægur þáttur í faglegu námi starfsfólks og skapað vettvang fyrir samvinnu, ígrundun og miðlun reynslu og munum við halda því áfram.

Reggio Emilia hugmyndafræðin á uppruna sinn í samnefndri borg á Ítalíu og byggir á þeirri sýn að börn séu hæf, skapandi og forvitnir einstaklingar sem læra í gegnum rannsóknir, samskipti og upplifun. Í þessari nálgun er lögð áhersla á lýðræði, virðingu fyrir sjónarmiðum barna og mikilvægi samvinnu milli barna, foreldra og starfsfólks. Kennarinn er ekki aðeins leiðbeinandi heldur einnig rannsakandi sem hlustar á hugmyndir barna og þróar verkefni út frá áhuga þeirra og spurningum. Eitt af lykilhugtökum Reggio Emilia eru „börn hafa 100 mál“, sem vísar til þess að börn tjá sig og læra á fjölbreyttan hátt, til dæmis í gegnum leik, hreyfingu, myndlist, tónlist, byggingar, samtöl og sköpun. Því er mikilvægt að námsumhverfið bjóði upp á fjölbreyttan og aðgengilegan efnivið sem hvetur börn til rannsókna og sköpunar. Á síðasta skólaári lögðu skólarnir aðal áherslu á að gera umhverfið hvetjandi og fallegt og ætlum við að fara í það strax í haust hér í Austurborg. Næsta skref í samstarfinu verður að beina sjónum enn frekar að námsefni barna og því hvaða viðfangsefni og efniviður er í boði í leikskólunum. Markmiðið verður að skoða hvernig hægt sé að þróa námssamfélag

þar sem áhugi barna fær að leiða verkefni og þar sem efniviður styður við rannsóknir, uppgötvun og skapandi hugsun. Með áframhaldandi samstarfi leikskólanna skapast dýrmætur vettvangur fyrir sameiginlegt faglegt nám sem styrkir bæði starfsfólk og börn í daglegu starfi.

Samstarfsaðilar

Árborg

Bjartahlíð

Jöklaborg

Sunnuás

Hver styrkir?

Kennarasamband Íslands tekur þátt í kostnaði

10. Fylgiskjöl:

10.1 Innra mat deildar/deilda 2025-2026

Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs.

Styrkleikar

Tækifæri

10.2 Umbótaáætlun deilda/deildar 2026-2027

Takið afrit af töflunni fyrir hvern umbótaþátt. Hér er fjallað um öll börn leikskólans og þeirra nám og áherslur t.d. menntastefna, skólanámskrá leikskóla. **Matið skal taka mið af fjölbreyttum hópi barna, börnum með stuðning og áherslum leikskólans.**

Lagt er til að umbótaáætlun sé gerð fyrir yngri og eldri börn í samvinnu deilda

Deild/aldur barna	Kattholt 28 börn, 18 fædd 2020, 10 fædd 2021
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Íþróttir Barn vikunnar Leikur að læra Lubbi Útinám (samstarf milli Ólatagarðs og Kattholts) Bókabíó Samstarf á milli leik- og grunnskóla K-Pals Þemavinna: tilfinningar, tré, líkaminn, hvalir, tilraunir Leikhópar Jólatónleikar Barnamenningarhátíð Útskrift: leikrit.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Íþróttir í Hvassaleitisskóla, að fá samstarf við Víking Barn vikunnar: gefa blað með upplýsingum og lúlli bangsi fer heim áður en barnið byrjar í vikunni. Leikur að læra: samþætta stærðfræði og íslensku, þannig að það sé einnig hægt að vinna með hljóm-2 niðurstöðurnar í LAL í vor. Lubbi finnur málbein, nota Lubbi einnig í Leikur að læra, útinámi og ef til vill skapandi verkefni/skólasamstarf. K-Pals, halda áfram að þróa kennsluaðferðina með elstu börnunum í leikskólanum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Íþróttir: Hafa samband við Víking Barn vikunnar, endurskoða blaðið með upplýsingum, prenta út og hafa það tilbúið.

	Leikur að læra: búa til áætlun. Lubbi: skrifa hugmyndir og gera áætlun um hvernig við getum nýtt Lubba í starfinu almennt. K-Pals: fara í heimsókn í skóla þar sem K-Pals er notað. Búa til áætlun og gera allt tilbúið.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst- maí
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarfundum og skipulagsdögum
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Þjálfarinn frá Víking sér um íþróttir fyrir börnin í Hvassaleitisskóla. Skýrt út fyrir foreldrum hvað barn vikunnar gerir og hvað foreldrar geta gert með barninu í þessari viku. Leikur að læra stundir þar sem börnin vinna með íslensku og stærðfræði jafnóðum. Lubbi er nýtt í þemavinnu með börnunum, Leikur að læra og K-Pals. Árangurinn er metinn á deildarfundum sem eru haldnir að minnsta kosti einu sinni í mánuði og foreldrasamtöl.

Leikur að læra

Í haust fóru fleiri starfsmenn á námskeið til að kynna sér Leikur að læra. Tveir árgangar eru á Kattholti og þrír starfsmenn á deildinni sem sáu um Leikur að læra. Samvinna var á milli Ólatagarðs og Kattholts með árgang 2021 og voru þau með sameiginlegar LAL stundir einu sinni í viku.

Lubbi finnur málbein

Í haust var Lubbi með staf vikunnar, síðan var Lubbi einnig nýttur í K-Pals stundum og í Leikur að læra.

Íþróttir

Vikulega var farið í íþróttasalinn í Hvassaleitisskóla með elsta árganginn. Starfsfólk Kattholts skipulagði hreyfistundir og leiki og voru börnin spennt fyrir að fara í íþróttir.

Leikhópar

Í vor hófum við að vinna með leikhópa til að börnin fengju tækifæri til að kynnast fleiri börnum og fá stuðning í leik. Leikhóparnir voru tvisvar til þrisvar sinnum í viku og skapaði það ró og skýrleika inn á deild fyrir börnin og starfsfólkið.

Félagsmiðstöð Hvassaleiti

Samstarf var við Félagsmiðstöðina í Hvassaleiti í vetur og tóku yngri börnin á Kattholti þátt ásamt börnum af Ólátagarði. Fórum og hittum eldri borgara og sungum fyrir þau og spjölluðum.

Skráningar

Deildarstjórinn og starfsfólk Kattholts endurskoðuðu skráningar á deildinni sem fara í ferilmöppu barna. Fylgst var með leik og áhuga barna og hugmyndir þeirra skráðar með ljósmyndum og lýsingum kennara og/eða frásögnum barna. Markmiðið var að fá sjónarmið barna fram, auka þátttöku þeirra í skráningagerð og þróa skráningar í anda Reggio Emilia.

Deild/aldur barna	Ólátagarður 17 börn fædd árið 2021 og 9 fædd 2022
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Unnið var með fjölbreytta þætti í starfi deildarinnar, m.a. Leikur að læra, vináttuverkefni Barnaheilla og Lubbi finnur málbein. Áhersla var lögð á útinám, vísindi, listsköpun, tilfinningavinnu og félagsfærni. Fastir liðir í starfinu voru m.a. barn vikunnar, íþróttir, auk fjölbreyttra ferða, s.s. á söfn, bókasafn og heimsóknir í aðra leikskóla. Skólastarfið var að mestu skipulagt í kringum þemavinnu (t.d. haust-, hvala- og fuglaþema) sem byggðist á áhugasviði og óskum barnanna.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Efla markvissa málörvun með reglulegri vinnu tengdri Lubbi finnur málbein. Gera söngstundir að fastari og sýnilegri þætti í starfi deildarinnar. Styrkja samstarf heimilis og leikskóla með reglulegum Leikur að læra foreldraverkefnum.

	Viðhalda og efla notkun sjónræns skipulags til að styðja við öryggi, yfirsýn og sjálfstæði barnanna. Markmiðið er að þessir þættir verði skýrari og reglulegri hluti af daglegu starfi deildarinnar.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skilgreina ábyrgð starfsfólks á verkefnum og setja verkefnin inn í vikulegt skipulag deildarinnar til að tryggja festu. Halda reglulega deildarfundi (t.d. á tveggja vikna fresti) til að fylgja eftir skipulagi og framvindu. Tryggja að allt starfsfólk fari vikulega í undirbúning til að skipuleggja, samhæfa vinnu við aðra kennara og sinna starfsþróun. Innleiða fastan tíma fyrir Leikur að læra foreldraverkefni í vikuskipulagi og fylgja því markvisst eftir. Viðhalda sjónrænu skipulagi með reglulegri notkun í samverustundum og tryggja að allir starfsmenn taki þátt í framkvæmd þess til að auka samfellu yfir allt skólaárið.
Ábyrgð	Deildarstjóri ber ábyrgð á að samhæfa skólastarfið og úthluta verkefnum til starfsfólks. Hver starfsmaður ber ábyrgð á að sinna sínum verkefnum og tryggja að þeim sé fylgt eftir.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst- maí
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Mat fer fram á reglulegum deildarfundum þar sem verkefni eru yfirfarin, metin og endurskoðuð. Lagt er upp með að halda deildarfundi reglulega, helst á tveggja vikna fresti, til að tryggja samfellu og eftirfylgni. Sett verða skýr markmið fyrir skólastarfið yfir veturinn og starfsáætlun yfirfarin og uppfærð reglulega í samræmi við niðurstöður matsins.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Sjónrænt skipulag er notað markvisst í daglegu starfi yfir allt skólaárið.

	Starfsfólk þekkir hlutverk sitt og ber ábyrgð á sínum verkefnum, sem endurspeglast í aukinni samfellu og betra skipulagi. Deildarfundir eru haldnir reglulega og nýtast til að meta og bæta starfið, sem leiðir til markvissari framkvæmdar á náms- og uppeldisstarfi.

Deild/aldur barna	Bangsaland 23 börn fædd 2022-2023
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	1.Deildarfundir 2.Blær
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	1.Að hafa fundi aðra hverja viku. 2.Að hafa Blæstund fasta tvisvar í mánuði.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	1.Gera plan með þeim sem leysa af. 2. Kaupa Blæ-bangsa fyrir öll börn deildarinnar. Senda starfsfólk á námskeið.
Ábyrgð	1. Deildarstjóri 2. Sá starfsmaður sem ber ábyrgð á Blæ og deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst- maí
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	1.Meta í hverjum mánuði, með skráningum í dagbók. 2. Deildarfundir og skrá í dagbók.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem	1. Best að ná öllum, viðunandi að ná einum deildarfundi í mánuði, annað óásættanlegt.

stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	2. Það að hafa Blæstund tvisvar í mánuði ætti alltaf að nást. Skoða gögn (skráningar í dagbók á hverjum deildarfundi).

Deild/aldur barna	**Putaland 4 börn fædd '22. 6 börn fædd '23. 7 börn fædd '24**
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Veturinn er búinn að vera frekar krefjandi vegna breiðs aldurs og þörf á ólíku námsefni og ólíkar þarfir hjá mismunandi aldri barnanna.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að allir nái tökum á að læra inn á reglur sem fylgja því að vera í leikskóla svo sem sjálfshjálp, borðsiði, klæðnaður og Leikur að læra verkefni þar sem innlögn er margvísleg og hægt að leggja inn fjölbreytta námsmöguleika svo sem liti, form og afstöðuhugtök.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Við höfum aldursskiptar samverur eftir getu barna og þar inni er Lubbi og lestur bóka sem kemur inn á læsi. Við vinnum með Leikur að læra og Blæ bangsa. Mikið sungið og spilað á hljóðfæri fyrir börnin og samverustundir verða mjög skemmtilegar.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst- maí
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Við höfum starfsdaga þar sem farið er yfir málin svo eru deildarstjórafundir auk þess sem deildarfundir eru aðra hverja viku. Einu sinni á ári eru viðtöl og farið yfir árangur og líðan barnsins með foreldrum
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Við höfum náð að uppfylla þarfir barnanna um fjölbreytta námsmöguleika svo sem lestur, spil og söng. Auk þess sem Leikur að læra verkefnið hefur verið aldursvarandi fyrir eldri börnin þar sem þau hafa verið aukalega tekin inn á

	eldri deild í verkefni. Einnig hafa þau verið með jafnöldrum í lok dags.

F. h. leikskólans Austurborgar

Ísleifur Örn Garðarsson 01.06.2026

_____

Aðstoðarleikskólastjóri Dagsetning

Harpa Ingvadóttir

_____

Leikskólastjóri

10.2 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027
Leikskólans Austurborgar

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Hlín Baldvinsdóttir
Lára Rannveig Sigurðardóttir
Sunna Dís Ingibjargardóttir

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Foreldraráðið telur að áherslur starfsáætlunarinnar séu í samræmi við starf leikskólans á liðnu skólaári. Hún endurspeglar áherslur skólans á útinám, listsköpun, tilfinningavinnu og félagsfærni.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Áætlunin er skýr, auðlesin og stuðlar að góðri upplýsingamiðlun til foreldra. Þá sýnir hún þann metnað sem miðað er að til að efla leikskólastarfið enn frekar, auka ánægju barna sem og foreldra og starfsfólks.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Þá er starfsáætlunin aðgengileg og vel upp sett. Hún gefur góða innsýn inn í starf leikskólans, markmið hans og áherslur fyrir næsta skólaár.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Foreldraráðið hefur engar athugasemdir við starfsáætlunina en vill koma á framfæri þökkum fyrir liðinn vetur og allt það góða starf og hlýja anda sem að starfsfólkið sýnir börnunum í leik og starfi.

Virðingarfyllst, Foreldraráð Austurborgar 2025-2026

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní.** Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.


LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST

Leikskóladagatal 2026 - 2027

Leikskólinn Austurborg

	ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1	L		Þ		F		S		Þ	Fullveldisdagurinn Varðeldur	F	Nýársdagur	M		M	Farsældarvika	F		L	Veraklýðsdagurinn	Þ		F	
2	S		M		F		M		M	Kaffihúsið 3 kerti byrjar	L		Þ		Þ		F		S		M		F	
3	M	Frídagur verslunarmar	F		L		Þ		F		S		M		M		L		M		F		L	
4	Þ		F		S		M		F		M		F		F		S		Þ		F		S	
5	M		L		M		F		L		Þ		F	Skipulagsdagur samstarfsleikskólar	F		M		M		L		M	
6	F	Leikskólinn opnar	S		Þ		F		S		M	Þrettándinn	L	Dagur leikskólans	L		Þ		F	Uppstigningardagur	S	Sjómannadagurinn	Þ	
7	F		M	Aðlögun	M		L		M		F		S	Dagur tónlistarskólan	S		M		F		M	Vatnsvika	M	Leikskólinn lokar
8	L		Þ	Dagur læsis	F		S	Baráttudagur gegn einelti	Þ		F		M	Bolludagur	M		F		L		Þ		F	
9	S		M		F		M		M	Rauður dagur Jólapeysudagur	L		Þ	Sprengidagur	Þ		F		S		M	Sumarhátíð Austurborgar	F	
10	M		F		L		Þ		F		S		M	Öskudagur	M		L		M		F		L	
11	Þ		F		S	Fæðingardagur forseta Íslands (HT)	M		F		M		F		F		S		Þ		F		S	
12	M		L		M		F		L		Þ		F		F		M		M		L		M	
13	F		S		Þ		F		S		M		L		L		Þ		F		S		Þ	
14	F		M		M		L		M		F		S		S	Dagur stærðfræðinna	M		F		M	Þjóðhátíðarvika	M	
15	L		Þ		F		S		Þ	Jólaball	F		M		M		F		L		Þ		F	
16	S		M	Dagur íslenskrar náttúru, Grænn dagur	F		M	Dagur íslenskrar tungu	M		L		Þ		Þ		F		S	Hvítasunnudagur	M		F	
17	M		F	Kynning og aðalfundur foreldrafélagins	L		Þ		F		S		M		M	Gulur dagur	L		M	Annar í Hvítasunnu	F	Lýðveldisdagurinn	L	
18	Þ		F		S		M		F		S		F		F		S		Þ		F		S	
19	M		L		M		F		L		Þ		F		F		M		M		L		M	
20	F		S		Þ		F	Dagur mannréttinda barna	S		M		L		L		Þ		F		S		Þ	
21	F	Skipulagsdagur	M		M		L		M		F		S	Konudagur - upphaf (	S	Pálmasunnudagur	M		F		M		M	
22	L		Þ		F	Skráningardagur	S		Þ		F	Bóndadagur Þorrablót	M	Vetrarfrí	M	Skráningardagar	F	Sumardagurinn fyrsti	L		Þ		F	
23	S		M		F	Skráningardagur	M		M	Þorláksmessa	L		Þ	Skráningardagar	Þ	Skráningardagar	F		S		M		F	
24	M		F		L	Fyrsti vetrardagur	Þ		F	Aðfangadagur jóla	S		M		M	Skráningardagar	L		M		F		L	
25	Þ	Aðlögun	F		S		M		F	Jóladagur	M		F		F	Skírdagur	S		Þ		F		S	
26	M		L	Evrópski tungumálad.	M	Skráningardagur	F		L	Annar í jólum	Þ		F		F	Föstudagurinn langi	M		M	Útskrift	L		M	
27	F		S		Þ	Skipulagsdagur S	F		S		M		L		L		Þ	Skipulagsdagur S Menntastefnumót	F		S		Þ	
28	F		M		M		L		M	Skráningardagur	F	Skipulagsdagur S	S		S	Páskadagur	M		F	Skipulagsdagur	M		M	
29	L		Þ		F		S		Þ	Skráningardagur	F				M	Annar í Páskum	F		L		Þ		F	
30	S		M		F		M		M	Skráningardagur	L				Þ		F		S		M		F	
31	M				L				F	Gamlársdagur	S				M				M	Íþróttavika			L	

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Einn dagur í febrúar er lokaður vegna vetrarfrís og skráningardagar eru tíu. Foreldrar sem þurfa vistun á skráningardögum sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvenær leikskólinn lokar. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.